

ÍBRÓTTA- OG TÓMSTUNДАРÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 10. nóvember var haldinn 271. fundur íbrótta- og tómsundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi Arnarholti og hófst kl. 12.20. Viðstödd: Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Tomasz Chrapek og Hermann Valsson. Einnig: Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, Steinhóur Einarsson skrifstofustjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram yfirlit um styrkumsóknir til íbrótta- og tómsundaráðs. Samþykkt að Tomasz Chrapek og Trausti Harðarson taki sæti í styrkjahópnum ásamt fulltrúum skipuðum af ÍBR og Hinu Húsinu.
2. Fram fer umræða um framkvæmdaáætlun íbrótta- og tómsundarasviðs vegna 2018.
 - Kl. 12.25 taka Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum.
3. Lagt fram bréf Leiknis vegna tilraunaverkefnis í Breiðholti vegna knattspyrnuíðkunar.
4. Lagt fram bréf Ungmennafélagsins Fjölnis, dags. 12. október 2017, vegna íbróttafrístundar í Grafarvogi.
5. Lagt fram bréf Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi, dags. 19. október 2017, vegna afgreiðslutíma sundstaða í Reykjavík.
6. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra, dags. 20. sept. 2017, vegna afgreiðslutíma sundstaða.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Undirskriftasöfnun hefur verið í Grafarvogi og Árbæ og hafa um 2.000 íbúar skorað á borgaryfirvöld að tryggja sama helgar opnunartíma sundlaugana í hverfunum eins og opnunartíminn er í Vesturbæjarlaug, Breiðholtslaug, Laugardalslaug og miðbæjarlauginni Sundhöllinni.

7. Lagt fram yfirlit yfir afgreiðslutíma sundstaða um jólar og áramót.
8. Lagt fram bréf hverfisráðs Háaleitis og Bústaða vegna íbróttaaðstöðu í Safamýri. Einnig lögð fram ályktun íbúasamtaka Háaleitis.

Íbrótta- og tómsundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

17. mars 2016 samþykkti íbrótta- og tómsundaráð Reykjavíkur eftirfarandi ályktunartillögu Sjálfstæðisflokksins: „Íbrótta- og tómsundaráð Reykjavíkur telur mikilvægt að íbróttasvæði verði áfram rekið í Safamýri í bágu íbróttastarfs barna og ungmenna í Háaleitishverfi. Óháð því hvort Knattspyrnufélagið Fram hættir starfsemi í hverfinu.“ Íbrótta- og tómsundaráð ítrekar þá afstöðu sem fram kemur í áður nefndi samþykkt íbrótta- og tómsundaráðs. Í samræmi við þessa samþykkt var gervigrasvöllurinn í Safamýri endurnýjaður sl. sumar í því skyni að hætta sem fyrst notkun á svörtu úrgangsdekkjakurli (SBR) á vfirborði hans. Íbrótta- og tómsundaráð telur rétt að öðrum íbróttamannvirkjum í Safamýri verði einnig

viðhaldið sómasamlega og að séð verði til þess að á svæðinu verði áfram stundað öflugt íþrótt- og æskulýðsstarfs í þágu íbúa í Háaleitishverfi.

9. Lagt fram erindisbréf vegna starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings.
10. Lögð fram viljayfirlýsing varðandi samvinnu Reykjavíkurborgar og KR vegna uppbyggingar við Frostaskjól.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins stöðja að farið verði í deiliskipulagsvinnu á svæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur við Frostaskjól á grunni tillagna sem félagið hefur lagt fram, svo unnt sé að ráðast í uppbyggingu íbrottamannvirkja þar. KR glímir nú þegar við mikinn aðstöðuvanda og er því frekari uppbygging íbrottamannvirkja í Vesturbænum löngu tímabær. Sjálfsagt er að skoða hugmyndir um byggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis á svæðinu svo fremi að tryggt sé að bæri fari vel í umhverfinu og hafi ekki neikvæð áhrif á framtíðarmöguleika KR til að efla enn frekar starf sitt í þágu íbrotta- og æskulýðsmála. Rétt er að hafa í huga að útlit er fyrir mikla þéttingu byggðar í Vesturbænum á næstu árum sem gæti haft í för með sér að íbúum hverfisins fjölgi um a.m.k. 5.500 manns eða 33%. Slík fjölgun mun stórauka kröfur til KR og er því mikilvægt að borgaryfirvöld tryggi félaginu nægilegt athafnarými til framtíðar. Jafnframt þarf að ræða hvort eðlilegt sé að hverfisíbrottafélag eins og KR þurfi að ganga á takmarkað athafnasvæði sitt og ráðstafa hluta þess undir þetta byggð til að fjármagna eðlilega uppbyggingu íbrottamannvirkja.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Það að KR fái að nýta skipulagt íþróttasvæði til að byggja upp á milli 100 til 200 íbúðir til að skapa félaginu tekjur í komandi framtíð skapar fordæmi fyrir önnur íbrottafélög borgarinnar og skapar ójafna tekjugefandi möguleika milli Reykvískra íbrottafélaga. Áætlað er að byggingar þessar muni skapa félaginu árlegar tekjur í komandi framtíð til að byggja upp íbrottamannvirki auk þess að fara í annan rekstrarkostnað s.s. laun knattspyrnumanna og annarra starfsmanna félagsins. Land það sem nýta á var gefið til félagsins til að nýta í íbrottastarfssemi sína og er ljóst að ef landið er tekið í íbúðabyggðir núna að í komandi framtíð verði Reykjavíkurborg að gefa/veita annað land til þeirra íbrottabygginga sem gæti þurft eftir einhverja áratugina. Ljóst er að mjög varlega þarf að stíga til jarðar ef Reykjavíkurborg samþykkir að veita KR leyfi til að byggja hundruð leiguíbúða á íþróttasvæði sínu.

11. Lagt fram afrit af bréfi borgarstjóra dags. 18. okt. 2017, til borgarráðs vegna framtíðar Laugardalsvallar.
12. Lögð fram viljayfirlýsing vegna GR.
13. Lagt fram samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli Fylkis.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér kemur Íbrottafélagi Fylkir og óskar/krefst að fá 20% af söluverðmæti lands sem þeir eiga ekki, ef land sem þeir fengu að nýta verði selt á yfir 400 milljónir en Reykjavíkurborg á landið og hefur í stuttan tíma leyft þeim að nýta. Það er

athyglisvert að hér er enn eitt íþróttafélag Reykjavíkurborgar sem vill ná tekjum úr lóðar og byggingar framkvæmdum.

14. Lagt fram erindisbréf vegna stýrihóps um mótun stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 13.45

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarsdóttir
Tomasz Chrapek
Marta Guðjónsdóttir

Dóra Magnúsdóttir
Kjartan Magnússon
Hermann Valsson